

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

skólaárið 2018-2019





Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2018-2019 Að verða betri í dag en í gær

Litla upplestrarkeppnin hófst formlega í níunda sinn haustið 2018. Að þessu sinni má segja að keppnin sé orðin landsverkefni þar sem rúmlega þrjú þúsund nemendur í 4. bekkjum á landinu tóku þátt. Litla upplestrarkeppnin hófst í Hafnarfirði á 15 ára afmæli Stóru upplestrarkeppninnar en verkefnið var mótað með kennurum sem þá kenndu fjórða bekk en undirrituð stýrði þeirri vinnu.

Litla upplestrarkeppnin byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin þar sem ávallt er haft að leiðarljósi að keppa að betri árangri í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu. Lögð er áhersla á virðingu og vandvirkni, allir nemendur eru með í liðinu, allir koma fram á lokahátíð og allir fá viðurkenningarskjal í lokin.

Kennarar sem hafa tekið þátt eru sammála um mikilvægi Litlu upplestrarkeppninnar og vekur hún bæði ánægju, eflir sjálfstraust og bætir lestrarfærni.

Mikil áhersla er lögð á samvinnu við heimilin og kennarar hvattir til að upplýsa foreldra um keppnina og í hverju verkefnið sé fólgið. Flestir foreldrar þekkja Stóru upplestrarkeppnina og því er nauðsynlegt og þarf að vera alveg ljóst frá upphafi að þó markmiðin séu þau sömu þá er verkefnið lagað að yngri nemendum og öll nálgun bæði á ræktunartímabilinu og á lokahátíð með öðrum hætti.

Þá er áriðandi að hafa það í huga að keppnishugtakið í þessu verkefni felur einungis í sér að verða betri í lestri og framkomu í dag en í gær og það er mikilvægt að geta bæði keppt að betri árangri og sett sér markmið án samkeppni við aðra en sjálfan sig. Með auknum aldri og þroska verða nemendur betur í stakk búnir til að bera sig saman við aðra og vilja þá gjarnan keppa við félagana.

Allir hafa áhyggjur af lestrarfærni nemenda og Litla upplestrarkeppnin er einungis hugsuð sem stuðningur við þær aðferðir og vinnu sem er í gangi hjá kennurum hverju sinni. Sú aðferð sem virðist þó vekja mikla gleði og samkennd nemenda er talkórinn. Það má því með sanni segja að það hlýtur að haldast í hendur að lesa bæði sér til gagns og gamans.

Hafnarfirði á haustdögum 2019.

Smeybjörg Þinnarsdóttir
Verkefnisstjóri og form. Radda, samtaka um
vandaðan upplestur og framsögn.

Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2018-2019

Að verða betri í dag en í gær

Til foreldra barna í 4. bekkjum grunnskólanna í Hafnarfirði

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk er greinilega búin að festa sig í sessi og vekur ánægju og sýnir miklar framfarir hjá nemendum.

Markmiðið er ávallt að auka lestrarfærni og bæta upplestur og er rétt að undirstrika að hugtakið keppni í þessu tilviki felur ekki í sér að keppa við aðra heldur að verða betri í lestri í dag en í gær.


Undirbúinn upplestur þarf að vera á dagskrá flesta daga frá degi íslenskrar tungu þ. 16. nóvember, en þá fer verkefnið formlega af stað í skólunum, og fram í apríl. Allir nemendur í bekknum/árganginum eru með í verkefninu og kennarar munu leitast við að miða kennsluhætti við hæfni og þroska hvers og eins. Verkefninu lýkur síðan með upplestrarhátíð þar sem allir nemendur leggja sitt af mörkum og verður hátíðin í forni samveru með foreldrum og öðrum góðum gestum og allir nemendur fá afhent viðurkenningarskjal.

Það er mjög mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í verkefninu sem er hægt að gera með því að vera stöðugt góður og áhugasamur áheyrandi við heimalestur og ræða um áherslur og blæbrigði sem skipta máli við allan flutning.

Einkunnarorðin eru: VANDVIRKNI - ÁNÆGJA - VIRÐING

Ingibjörg Einarsdóttir, verkefnisstjóri hefur umsjón með verkefninu.

Litla upplestrarkeppnin



Viðurkenning

hefur tekið þátt í
Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk
skólaárið 2018 - 2019.

Bestu þakkir fyrir þátttökuna!

Fyrir hönd Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn,

Ingibjörg Einarisdóttir

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk Skólaárið 2018-2019

Lokahátíð í apríl 2019

Uppröðun skiptir máli. Allir nemendur sitja/standa á móti gestum, raðað í fallegar raðir, fer eftir fjölda og húsnæði. Þarf að vera nokkuð gott rými svo lesarar njóti sín, séu ekki of nálægt áheyrendum. Gestir boðnir velkomnir, getur verið skólastjóri/kennari eða kynnir. Gera þarf grein fyrir Litlu upplestrarkeppninni, hvenær hún hófst í Hafnarfirði og svo í haust og hver markmiðin eru. Ef skólastjóri byrjar þá býður hann síðan kynni að taka við og stýra hátíðinni.

Kynnir stýrir því hvernig nemendur kynna sig eða hann kynnir þá. Það þarf að vera vel æft og heyrast. Möguleiki að kynna höfunda í upphafi frekar en við hvert atriði.

Dagskrá

1. Tónlistaratriði (gæti verið söngur eða eitt lag spilað á hljóðfæri)
2. Nú haustar að (Vilborg Dagbjartsdóttir)
4. Þula um tunglið
5. Búkolla (þjóðsaga)
5. Ljóð um ljóð (frumflutningur, höf. Kristján Hreinsson)
6. Allir eiga drauma (Ólafur Haukur Símonarson)
7. Málfarasmolinn, málshættir
8. Þula, Köttur og mús og/eða Mánaðapulan (Kristján Hreinsson)
8. Gestalesari úr 7. bekk, fulltrúi skólans, hugsanlega varamaður úr Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í mars les t.d. ljóð.
9. Texti, Einkennilegur piltur (Óþekktur höfundur)
10. Tónlistaratriði
11. Dýraþula (Kristján Hreinsson)
13. Kurteisí og/eða Blíðlyndi (Kristján Hreinsson)
14. Orð (Þórarinn Eldjárn)

Nú haustar að

Einhverja nóttina koma skógarprestirnir
að tína reyniber af trjánum
áður en þeir leggja í langferðina yfir hafið,
en það eru ekki þeir sem koma með haustið
það gera lítil börn með skólatöskur.

Þula um tunglið

Lesari Bokki sat í brunni
(einn eða fleiri) hafði blað í munni
hristi sína hringa,
bað fugl að syngja.

Lesari Grágæsa móðir!
ljáðu mér vængi,
svo ég geti flogið
upp til himintungla.

Kór Tunglið, tunglið, taktu mig,
og berðu mig upp til skýja,
þar situr hún móðir mín
og kembir ull nýja.

Lesari Þar sitja nunnur,
skafa gulltunnur.
Þar sitja systur
skafa gullkistur.

Lesari Þar sitja sveinar,
skafa gullteina.
Þar sitja Freyjur,
Ssafa gulltreyjur.

Lesari Þar sitja mágar,
skafa gulltágar.
Þar sitja prestar,
skafa gullfestar.

Kór Þar sitja afar,
 skafa gullnafar.
 Þar situr hann faðir minn
 og skefur gullhattinn sinn.

BÚKOLLA

Lesari

Einu sinni voru karl og kerling í koti sínu. Þau áttu einn son en þótti ekkert vænt um hann. Eina kú áttu þau karl og kerling og hét hún Búkolla. Einu sinni bar kýrin og sat kerlingin sjálf yfir henni. En þegar kýrin var borin og heil orðin hljóp kerling inn í bæinn. Skömmu síðar kom hún út aftur til að vitja um kúna en þá var hún horfin.

Lesari 2

Fara þau nú bæði, karlinn og kerlingin að leita kýrinnar og leituðu víða og lengi en fundu hana ekki. Voru þau nú stygg í skapi og skipuðu stráknum að fara að leita og koma ekki heim fyrr en hann hefði fundið kúna.

Lesari 3

Bjuggu þau strákinn með nesti og nýja skó og nú lagði hann af stað eitthvað út í bláinn.

Hann gekk lengi, lengi, þangað til hann settist niður og fór að borða. Þá segir hann: „Baulaðu nú Búkolla mín ef þú ert nokkurs staðar á lífi.“

Lesari 4

Þá heyrir hann að kýrin baular langt, langt í burtu. Gengur karlsson enn lengi, lengi. Sest hann þá niður til að borða og segir: „Baulaðu nú Búkolla mín ef þú ert nokkurs staðar á lífi.“

Lesari 5

Heyrir hann þá að Búkolla baular, dálítið nær en í fyrra sinn. Enn gengur hann lengi, lengi þangað til hann kemur fram á fjarskalega háa hamra. Þar sest hann niður og segir um leið: „Baulaðu nú Búkolla mín ef þú ert nokkurs staðar á lífi.“

Lesari 6

Þá heyrir hann að kýrin baular undir fótum sér. Hann klifrar þá ofan hamrana og sér í þeim helli mjög stóran. Þar gengur hann inn og sér Búkollu bundna. Hann leysir hana og leiðir hana út á eftir sér og heldur heimleiðis.

Lesari 7

Þegar hann er kominn nokkuð á veg sér hann hvar kemur ógnarstór tröllskessa og önnur minni með henni. Hann sér að stóra skessan er svo stórstíg að hún muni undireins ná sér. Þá segir hann: Hvað eigum við nú að gera, Búkolla mín?

Lesari 8 (Búkolla)

Taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina.

Legg ég á og mæli um að þú verðir að svo stórri móðu að ekki komist yfir nema fuglinn fljúgandi. Í sama bili varð hárið að ógnarstórri móðu.

(Hér mætti hugsa sér að nýr hópur tæki við lestrinum)

Lesari (stóra skessan)

Ekki skal þér þetta duga, strákur. Skrepptu heim stelpa og sæktu stóra nautið hans föður míns.

Lesari 9

Stelpan fer og kemur með ógnarstórt naut sem drakk undireins upp alla móðuna. Þá sér karlsson að skessan muni þegar ná sér því hún var svo stórstíg.

Lesari 10

Hvað eigum við nú að gera, Búkolla mín?

Lesari (Búkolla)

Taktu hár úr hala mínum og leggu það á jörðina. Hann gerir það. Þá segir Búkolla við hárið:

Lesari (Búkolla)

Legg ég á og mæli um að þú verðir að svo stóru báli að enginn komist yfir nema fuglinn fljúgandi.

Lesari

Og undireins varð hárið að báli. Þegar skessan kom að bálinu segir hún:

Lesari

Ekki skal þér þetta duga, strákur. Farðu og sæktu stóra nautið hans föður míns, stelpa, segir hún við minni skessuna. Hún fer og kemur með nautið. En nautið meig þá öllu vatninu sem það drakk úr móðunni og slökkti bálið. Nú sér karlsson að skessan muni strax ná sér, því hún var svo stórstíg.

Lesari

Hvað eigum við nú að gera Búkolla mín?

Lesari (Búkolla)

Taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina. Síðan segir hún við hárið: Legg ég á og mæli um að þú verðir að svo stóru fjalli sem enginn kemst yfir

nema fuglinn fljúgandi. Varð þá hárið að svo háu fjalli að karlsson sá ekki nema upp í heiðan himininn. Þegar skessan kemur að fjallinu, segir hún:

Lesari

Ekki skal þér þetta duga, strákur. Sæktu stóra borjárníð hans föður míns, stelpa, segir hún við minni skessuna.

Lesari

Stelpan fer og kemur með borjárníð. Borar þá skessan gat á fjallið en varð of bráð á sér þegar hún sá í gegn og tróð sér inn í gatið. En það var of þröngt svo hún stóð þar föst og varð loks að steini í gatinu og þar er hún enn. En karlsson komst heim með búkollu sína og urðu karl og kerling því ósköp fegin.

LJÓÐ UM LJÓÐ

- Lesari** Ljóð um ljóð,
(einn eða fleiri) ljúf og góð,
orð um óð
hjá okkar þjóð.
- Allir** Maður verður móður
ef magnast ljóðasjóður.
- Lesarar** Ljóð um ljós,
lífsins rós.
himneskt hrós,
hús og fjós.
- Allir** Víða leiðir liggja
ef ljóðin þarf að byggja.
- Lesarar** Ljóð um líf,
ljós og hlíf,
sterk og stíf
um stál og hníf.
- Allir** Á ljóðin oft er litið
því ljóðin geta bitið.
- Lesarar** Ljóð um lind,
ljóð um tind,
sæld og synd,
sól og vind.
- Allir** Ljóðin fá að fjalla
um fegurð heimsins alla.
- Lesarar** Að lesa ljóð
er listin góð
þá heyrast hljóð
frá hjartans glóð.

Allir Því er ljóst að þjóðin
þarf að læra ljóðin.

Allir eiga drauma

Lesari (einn eða fleiri)

Það var einu sinni steinbítur
sem dreymdi um að verða naglbítur.
Það var einu sinni skjaldbaka
sem dreymdi um að verða tvíbaka.

Allir

Allir eiga drauma.

Lesarar (einn eða fleiri)

Það var einu sinni jólatré
sem dreymdi um að verða herðatré.
Það var einu sinni hlébarði
sem dreymdi um að verða hjólbarði

Allir

Allir eiga drauma.

Lesarar (einn eða fleiri)

Það var einu sinni pottormur
sem dreymdi um að verða höggormur.
Það var einu sinni sendisveinn
sem dreymdi um að verða jólasveinn.

Allir

Allir eiga drauma.
Allir eiga drauma
um að verða eitthvað annað en þeir eru í raun og veru.

MÁLFARSMOLINN

Hugsanlegt að hver nemandi stigi fram og lesi einn málshátt eða tvo. Hægt að fækka eða fjölga málsháttunum, fer eftir stærð nemendahópsins.

1. Þegar kötturinn er úti leika mýsnað inni.
2. Sá vægir sem vitið hefur meira.
3. Margur er knár þótt hann sé smár.
4. Sá er vinur er í raun reynist.
5. Barnið vex en brókin ekki.
6. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.
7. Sjaldséðir eru hvítir hrafnar.
8. Allt er vænt sem vel er grænt.
9. Maður er manns gaman.
10. Oft er logn á undan stormi.
11. Góð íþrótt er gulli betri.
12. Margar hendur vinna létt verk.
13. Illur á sér ills von.
14. Oft kemur góður þá getið er.
15. Best er illu af lokið.
16. Margt er það sem í þokunni býr.
17. Öllu gamni fylgir nokkur alvara.
18. Aldrei verður á allt kosið.
19. Blindur er bókláus maður.
20. Allir hafa börn verið.
21. Bók er best vina.
22. Tímarnir breytast og mennirnir með.
23. Fjarlægðin gerir fjöllin blá og mennina mikla.
24. Hverjum þykir sinn fugl fagur.
25. Sælla er að gefa en þiggja.

ÞULA UM KÖTT OG MÚS

(Vel má hugsa sér að skipta hverju erindi á milli tveggja lesara. Eins geta tveir eða fleiri lesið í kór hvert erindi. Þá má hæglega sleppa nokkrum erindum án þess að það dragi úr gildi þulunnar ef það þykir henta hópnunum betur.)

1. (skipta má erindinu í tvennt, tveir lesarar eða fleiri)

Ég segi ykkur sögu fús
og sagan er um kött og mús
sem þráðu bara koss og knús
og kærleika í næði,
þau vildu bara finna frið
og fá að veita öðrum lið
þau vildu ganga hlið við hlið
með hamingjunni bæði.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

- 2.

Svo ólíkt margt þau gátu gert
sem gjarnan sagt er mikils vert
því vandi finnst við fót mál hvert,
þá færni þarf að beita.
Hinn stóri köttur komst á sprett,
en kná var músin, mjó og nett,
þau saman gerðu lífið létt,
því ljúft var hjálp að veita.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

3.

Í langa ferð er lagt af stað,
þau leyndarmálum komast að
ef annað hefur heyrt um það
sem hitt vill fá að vita.
Um lítið op á kökukrús
víst komist getur smágerð mús
og kettinum hún færir fús
einn finan kökubita.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

4.

Þau fóru tvö um langa leið.
Í leyni stundum hætta beið
þó komust þau hjá þraut og neyð
ef þétt þau stóðu saman.
Í ævintýrum alla tíð
og ávallt laus við þras og stríð
en leystu þrautir þæg og blíð
því það var meira gaman.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

5.

Þau sáu vaxa vorsins blóm
og víst þau heyrðu fagran óm
og fuglasöngsins hreina hljóm
á heitum sumardeggi.
Þau fóru upp á fjallsins tind
og fundu haustsins tæru lind

og vetur kom með kaldan vind
um kvöld á lífsins vegi.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

6.

Þau litu bjartan lífsins dag
og létu hljóma gleðibrag
og saman tvö við sólarlag
þau sælu máttu lofa.
Þau sáu daga svífa hjá
og sáu kvöldin dimm og grá.
Ef fögur nóttin fór á stjá
þá fengu þau að sofa.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

7.

Þau brugðu sér í berjamó
og busluðu í köldum sjó,
þau dönsuðu í djúpum snjó
og draumar þeirra rættust.
Þau fengu oft að finna til,
þau fóru gegnum hríðarbyl.
Svo skynjuðu þau ást og yl
ef augu þeirra mættust.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

8.

Hvort sannleikskorn mín saga á
því síst ég þarf að greina frá
en hlustandinn það heyra má
sem heillavænlegt reynist.
Og kannski er hún ævintýr,
einlæg frásögn, hrein og skýr
um heiminn þar sem birtan býr
og boðskapurinn leynist.

Allir

Já, kötturinn var ekki eins og hinir
og auðvitað hann játaði það fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

9.

Já, mörg er lífsins brekka brött
og býsna margt er út í hött
og músin sem vill knúsa kött
er kannski talin galin,
hún fordómana forðast kann,
hún fallegasta vininn fann
og er svo glöð að eiga hann
sem yl í hjarta falinn.

Allir

Já, kötturinn er ekki eins og hinir
og auðvitað hann játar þetta fús,
því það er alltaf best að vera vinir
þótt vinur þinn sé bara lítil mús.

MÁNAÐAÞULA

Lesari (gætu verið tveir sem skiptast á línunum)

Hann janúar er jökulkaldur,
hann jafnan geymir mikinn snjó,
í myrkri er að mörgu valdur
og mönnum gefur kyrrð og ró.

Lesari Og febrúar svo ferskur lætur
hér fannir liggja yfir jörð
og stormar koma kaldar nætur
með klakabönd og frostin hörð.

Lesari Hann mars hann er á marga vegu
magnaður um nokkra hríð
og stormaöflin ógurlegu
hér enda langa vetrartíð.

Allir Þannig líður árið allt
og úti getur verið kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.

Lesari Og apríl kemur oft með blíðu
og eyrun greina fuglasöng
er sólarljósið sendir þíðu
þá sést að dægri verða löng.

Lesari Hann maí fær gjarnan góða dóma,
hann getur verið afar hlýr
þá fær að vakna fjöldi blóma
með fegurð sem í jörðu býr.

Lesari Og júní kemur hér með hlýju
með honum tekur birtan völd,
og okkur gleðja enn að nýju
hin yndislegu sumarkvöld.

- Allir** Þannig líður árið allt,
oftast hlýtt en stundum kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.
- Lesari** Í júlí ilmar allt af blóma
og urtir landsins stækka fljótt,
þá fuglasöng við heyrum hljóma
um hlýja, bjarta sumarnótt.
- Lesari** Og ágúst, hreinn og undurfagur
fær endað bjarta sumartíð
en þó að stöðugt styttist dagar
um stund hér vaka öflin blíð.
- Lesari** Í september fer senn að dimma
og sólin lækkar flugið þá
um fjöllin læðist frostið grimma
en fegurð haustsins víst má sjá.
- Allir** Þannig líður árið allt,
oftast hlýtt en stundum kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.
- Lesari** Í október því yndi lýkur
sem okkur veitti sumartíð
og brátt um landið fönnin fýkur
með frost og dökka vetrarhríð.
- Lesari** Og nóvember með dimma daga
og dulúð boðar kyrrð og frið,
þá birtist lífsins ljúfa saga
þótt langur vetur blasi við.

Lesari Í desember í dökkum skugga
svo dásamleg við eigum jól
og þegar frostrós grær á glugga
við getum séð að hækkar sól.

Allir Þannig líður árið allt
og úti getur verið kalt
er allir dagar dansa hjá
og draumar okkar elta þá.

Einkennilegur piltur (skipting milli lesara fer eftir stærð hópa)

Sögumaður

Maður nokkur kom kjagandi eftir veginum og ók á undan sér hjólbörum sem í var rúgtunna. Hann var að fara til myllunnar með rúginn til mölunar. Hann mætti öðrum manni og gaf sig á tal við hann.

Lesari

Góðan daginn! Er vegurinn góður?

Lesari

Veit það ekki. Ég smakkaði ekki á honum.

Lesari

Var myllan í gangi?

Lesari

Ja, ég mætti henni ekki.

Lesari

Þú ert einkennilegur piltur.

Lesari

Ég er enginn piltur, því að ég er kvæntur maður. Og ég er búinn að vera kvæntur í tuttugu ár.

Lesari

Það er ágætt.

Lesari

Nei, það er ekki ágætt

Lesari

Því þá ekki?

Lesari

Konan er svo skrambi gömul.

Lesari

Það var afleitt.

Lesari

Nei, það var ekki svo afleitt.

Lesari

Því þá ekki?

Lesari

Vegna þess að hún átti bæði hús og peninga.

Lesari

Það var þó ágætt.

Lesari

Nei, ekki var það ágætt, því það var svo mikið af smápeningum innan um.

Lesari

Slæmt var það.

Lesari

Nei, það var ekki svo ýkja slæmt, því að ég keypti mér fjögur alisvín fyrir smápeninginn.

Lesari

Það var ágætt.

Lesari

Nei, það er ekki hægt að segja að það hafi verið ágætt, því þegar konan var að bræða fituna af svínunum kveikti hún í húsinu svo að það brann til ösku.

Lesari

Það var afleitt.

Lesari

Nei, það var ekki afleitt, því að ég eignaðist nýtt hús í staðinn.

Lesari

Það var ágætt.

Lesari

Nei, það var ekki ágætt heldur því að þegar gamla konan mín var að skoða nýja húsið, datt hún niður stiga og hálsbrotnaði.

Lesari

Það var afleitt.

Lesari

Nei, það var ekki afleitt, því að þá fékk ég mér nýja og unga konu.

Lesari

Það var ágætt.

Lesari

Nei, það var ekki ágætt, því að henni líst betur á ungu piltana en mig.

Lesari

Það var afleitt.

Lesari

Já, það var afleitt. Vertu sæll.

DÝRAÞULA

- Lesari** Hér færi ég um víðan völl
og varla myndi drolla
og æddi jafnvel upp um fjöll
ef ég væri rolla.
- Lesari** Í sauðahópnum sæi mig
sérhver labbakútur
því oft ég færi á efsta stig
ef ég væri hrútur.
- Allir** Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.
- Lesari** Ég hentist yfir hagann fljótt
og hlypi yfir síkin,
ég eflaust væri eftirsótt
ef ég væri tíkin.
- Lesari** Ég myndi smala heilli hjörð
og helst ei stía sundur
og hlypi upp um ótal börð
ef ég væri hundur.
- Allir** Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.
- Lesari** Úr fjósi mínu færi ég
ef fengi ég að velja
og oft ég hlypi út á veg
ef ég væri belja.
- Lesari** Með hornin ávallt upp í loft
eins og trylltur ruddi
ég myndi baula æði oft
ef ég væri tuddi.
- Allir** Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.

- Lesari** Ég gæti malað, mjálmað hátt
og myndi engan hræða
ég yrði sjálfsagt alltaf sátt
ef ég væri læða.
- Lesari** Ég myndi klifra upp í eik
eins og Hrói höttur
og ætti kraft í allan leik
ef ég væri köttur.
- Allir** Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.
- Lesari** Ég myndi vappa vítt og breitt
um völlinn iðjagræna
og æti korn mitt yfirleitt
ef ég væri hæna.
- Lesari** Mitt prik ég glaður gæti átt
og garg mitt yrði vani,
ég gala yrði afar hátt
ef ég væri hani.
- Allir** Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.
- Lesari** Ég myndi vera mild og góð
og myndi engan skamma,
ég eflaust myndi yrkja ljóð
ef ég væri mamma.
- Lesari** Ég hugsa myndi hér um dýr
og hætta öllu kvabbi
ég segði ykkur ævintýr
ef ég væri pabbi.
- Allir** Svo dásamleg er dýraþjóð
því dýrin eru ljúf og góð.

Kurteisi

Lesari 1
Ef er ég í einhverjum vafa
og erfið mér kurteisin finnst
þá vil ég í hávegum hafa
þá hugsun sem kostar mig minnst.

Lesari 2
Ég sé það ef hógværð ég safna
að samviskan er ekki blind
og hugsun mín hlýtur að dafna
í háttvísri birtingarmynd.

Lesarar
1 og 2
Þótt fjöldanum finnist það skrytið,
þá frábært ég jafnan það tel,
að kurteisi kostar svo lítið
en kemur sér alstaðar vel.

Blíðlyndi

Lesari 1
Lesari 2
1
2
Með blíða lund hér búum við
sem börn hjá lífsins vegi,
göngum áfram, hlið við hlið
og heilsum nýjum degi.

Lesari 3
Lesari 4
3
4
Ef leggst í dvala lundin blíð
og ljósið er á förum
þá biðjum við um betri tíð
með bros á okkar vörum.

Lesarar
1,2,3 og 4
Hver hugur syngur lífsins lag
sem lofað öll við fáum
því andleg snerting er í dag
það eina sem við þráum.

ORÐ (P.E)

Tveir lesarar:	Orð í eyrum orð á vörum sem við svörum sem við heyrum sem við segjum sem við beygjum.
(bætist við einn lesari)	Orð sem við þyljum orð sem við skiljum.
(einn bætist við eða fleiri)	Orð í breiðum uppi á heiðum. Orð á rangli stök á stangli.
(fleiri bætast við)	Orð í borgum orð á torgum Orð sem við orgum orð í sorgum
(fleiri bætast við)	Orðahlátur orðagrátur. Orðagátur orðaslátur.
(fleiri bætast við)	Orð sem arga orð að garga orð sem bjarga. Orð sem þvarga orð að farga.
(allur hópurinn)	Orð í straumi Orð í flaumi. Orð í laumi Orð í draumi.
(lesið sterkt)	Orð í orði Orð á borði. Orð af orði ORÐAFORÐI